

Efni: Umsögn foreldraráðs Arnarsmára um starfsáætlun 2025-2026

Inngangur

Hlutverk foreldraráðsins er m.a. að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt.

Umsögn

Starfsáætlun og skóladagatal leikskóla ársins 2025-2026 var kynnt foreldraráði í lok ágústmánaðar 2025. Samhljómur er með starfsáætlun og dagatali með þeirri stefnu sem skólinn hefur verið að vinna eftir undanfarin ár af mikilli fagmennsku.

Mikill metnaður er lagður í alla starfsemi leikskólans. Einkunnarorð skólans eru höfð að leiðarljósi í starfinu: frumkvæði, vinátta og gleði. Einnig fer mikið fyrir stefnu sem skólinn vinnur eftir og nefnist Uppbygging sjálfsaga - Uppeldi til ábyrgðar.

Stefna skólans fléttast vel saman við alla starfsemi hans. T.a.m. fá börnin tækifæri og hvatningu til að hjálpa sér sjálf og taka ábyrgð í hinum ýmsu kringumstæðum í samræmi við uppeldi til ábyrgðar. Dagskráin endurspeglar einnig stefnuna og einkunnarorðin um frumkvæði, vináttu og gleði en oft fá börnin að velja sjálf viðfangsefni. Vináttan skipar einnig stóran sess og gott dæmi um notkun þessa einkunnarorðs er þegar vinalagið er sungið á vinafundum til einhvers sem er veikur með von um skjótan bata. Leikskólinn vinnur einnig markvisst að efla læsi og málörvun barnanna t.d. með lestrinum og hvernig hann fer fram með samræðulestri þar sem börnin eru spurð út í efni bókarinnar og einnig teknar dýpri samræður um efni bókana. Heilt yfir stendur skólinn sig frábærlega í sinni vinnu og stefnu.

Foreldrasamstarf í Arnarsmára hefur gengið mjög vel. Reglulegir tölvupóstar eru sendir á foreldra um hina ýmsu viðburði sem átt hafa sér stað eða eru framundan. Mikil áhersla er á að foreldrar upplifi að börnum sínum líði vel í leikskólanum og að kennurunum þyki vænt um þau. Vel er tekið á móti nýjum foreldrum og börnum og aðlögun barna er til fyrirmyndar.

Á síðasta skólaári kom upp krefjandi staða vegna veikinda skólastjórnenda. Eðlilega bitnaði það að einhverju leyti á upplýsingaflæði til foreldra. Þó var aldrei vandamál að fá upplýsingar frá starfsfólki þegar eftir því var leitað.

Foreldraráðið er hugsi út í þá fjölgun sem orðið hefur í hverfinu á undanförunum misserum án fjölgunar á leikskólaplássum. Nauðsynlegt er að huga að uppbyggingu innviða samhliða fjölgun íbúa á svæðinu. Eftirtektarvert er að sjá að af 21 nýju barni á Arnarsmára eru 18 börn sem koma á flutningi af öðrum leikskólum.

Auk þess telur foreldraráðið að endurskoða þurfi úthlutunarreglur leikskólanna í sveitarfélaginu og taka upp systkina forgang. Dæmi eru um að foreldrar þurfi að keyra langar vegalengdir milli hverfa til að fara með börn í leikskóla og skóla allt á háannatíma. Við sem sveitarfélag viljum hafa fjölskylduvænt umhverfi og ýta undir notkun vistvænna ferðamáta og því væri til mikilla bóta að taka upp systkina forgang og minnka þannig líkur á að

forráðamenn þurfi að skutla börnum sínum oftari en ekki á einkabíl lengri vegalengdir en annars þyrfti með tilheyrandi mengun og kostnaði. Með því að hafa börnin á leikskóla í hverfinu kynnast einnig bæði börn og foreldrar innan hverfisins sem minnkar líkur á félagslegri einangrun. Það eru því bæði umhverfisleg og félagsleg rök fyrir því að börn komist inn á leikskóla í sínu hverfi.

Starfsmannavelta í Arnarsmára hefur verið lítil undanfarin ár og í leikskólanum starfar góður og þéttur hópur kennara sem sinna starfi sínu af heilum hug. Sumir hafa verið frá opnun 7. janúar 1998. Það er ekki sjálfgefið að starfsmannaveltan sé jafn lítil og raun ber vitni og ber að þakka fyrir það. Fyrir okkur er þetta augljóst merki um góðan vinnustað.

Lokaorð

Foreldraráð fagnar öllum markmiðum starfsáætlunar og leikskóladagatali 2025-2026 sem eru faglega unnin og gefa góða mynd af því frábæra starfi sem unnið er á hverjum degi í leikskólanum.

Skólinn hefur í öllu starfi lagt mikla áherslu á gott samstarf við foreldra og nemendur skólans og er einhugur meðal foreldra skólans hversu gott samfélag Arnarsmári er.

Fyrir hönd foreldraráðs Arnarsmára

Ísak Hilmarsson

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir